

**Sp.** **397. Breytingartillögur** [200. mál]

við till. til þál. um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan.

1. Við 1. tl. Fyrsti málslíður orðist svo:

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þ. e. fyrsta áfanga í þróun þeirrar stofnunar sem verði undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

2. Aftan við fyrri mgr. 2. tl. bætist:

Skal fé veitt til þessa verkefnis sérstaklega á fjárlögum næstu fimm ár, í fyrsta sinn árið 1986.